



norden

Norræna ráðherranefndin

# Stefna í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum



**Stefna í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum**

ANP 2006:721

© Nordic Council of Ministers, Copenhagen 2006

ISBN 92-893-1311-0

Prentun: Clausen Offset, Odense 2006

Hönnun: Brandpunkt a/s

Upplag: 500

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Ritið má panta á [www.norden.org/order](http://www.norden.org/order).

Fliri rit eru á [www.norden.org/publikationer](http://www.norden.org/publikationer)

Printed in Denmark



**Nordic Council of Ministers**

Store Strandstræde 18

DK-1255 Copenhagen K

Sími (+45) 3396 0200

Bréfasími (+45) 3396 0202

**Nordic Council**

Store Strandstræde 18

DK-1255 Copenhagen K

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3311 1870

[www.norden.org](http://www.norden.org)

**Norrænt samstarf**

Norrænt samstarf er eitt elsta og umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Það nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og sjálfstjórnarsvæðanna í Færeyjum, á Grænlandi og á Áland-seyjum. Norrænt samstarf eflir samkennd norrænu þjóðanna og tekur mið af því sem er líkt og ólíkt með þeim. Samstarfið auðveldar norrænu ríkjunum að halda fram hlut sínum á alþjóðavettvangi og stuðlar að góðri sambúð grannþjóða.

Samstarfinu var komið í fastan farveg á árinu 1952 þegar Norðurlandaráð var stofnað sem samstarfsvettvangur þingmanna og ríkisstjórna. Árið 1962 var Helsinkisamningurinn undirritaður, en hann hefur allar götur síðan verið grundvöllur norræns samstarfs og markað því málefnaleg samstarfssvið. Árið 1971 var Norræna ráðherranefndin stofnuð sem formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna og landsstjórna sjálfstjórnarsvæðanna, Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

# Markmið





## Markmið: Norðurlöndin eiga að vera besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni

Málefni barna og ungmenna njóta forgangs hjá Norrænu ráðherranefndinni. Stefnumótunarskjal þetta kveður á um nýjar aðgerðir á öllum samstarfssviðum.

Málefni barna og ungmenna hafa löngum verið mikilvægur málaflökkur á Norðurlöndunum og sjálfstjórnarsvæðunum. Hornsteinn samstarfsins eru sameiginlegi gildi á borð við réttlæti, jafnrétti, lýðræði, aðgengi og hlutdeild. Með áframhaldandi nánu samstarfi norrænu ríkjanna um málefni barna og ungmenna næst meiri árangur en ríkin næðu hvert í sínu lagi. Börn og ungmenni eru allir á aldrinum 0–25 ára en aldurshópurinn getur síðan verið breytilegur innan þessara marka.

### Meginmarkmið barna- og æskulýðssamstarfs á Norðurlöndum

Markmið barna- og æskulýðssamstarfs á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar er að bæta lífsskilyrði og auka áhrif barna og ungmenna. Stuðla skal að jöfnum rétti alls æskufólks á góðum lífskjörum og áhrifum óháð kyni, hörundslit, menningu, efnahag, aldri, búsetu, kynhneigð eða fötlun.

Unnið skal út frá sjónarmiðum réttinda sem felast í að:

- Vernda og efla mannréttindi barna og ungmenna. Þegar fjallað er um börn og ungmenni innan 18 ára aldurs skal miðað við réttindi sem kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Börn og ungmenni eiga rétt á menntun, félagslegu og fjárhagslegu öryggi, góðu heilbrigði og skilyrðum til að þroskast.
- Börn og ungmenni eiga að hafa virk áhrif á líf sitt, nánasta umhverfi og þróun samfélagsins almennt.



# Forgang





## Forgangssvið

Á flestum samstarfssviðum Norrænu ráðherranefndarinnar er fylgst með aðstæðum barna og ungmenna. Þannig eiga öll samstarfssviðin að gæta sjónarmiða þessa aldursflokks í starfi sínu. Á næstu árum ber að veita eftirfarandi þáttum forgang í norrænu samstarfi:

**Matvælasvið:** Stuðla að bættri heilsu og lífsgæðum barna og unglunga með fæðu og hreyfingu. Að draga úr þrýstingi sölumennsku á börn og ungmenni.

**Umhverfismál:** Auka þekkingu og virðingu barna og ungmenna fyrir náttúrunni og auðlindum hennar.

**Menningarmál:** Auka tækifæri barna og ungmenna á virkri þátttöku og að skapa eigið tjáningarform, tryggja aukið aðgengi barna og ungmenna að norrænu margmiðlunar-efni og tölvuleikjum sem uppfylla vissar gæðakröfur, að fjölmiðlalæsi barna og ungmenna samsvari notkunarmöguleikum, og efla aðgerðir norrænu húsanna og menningarstofnana til að miðla og örva barna- og unglíngamenningu.

**Félags- og heilbrigðismál:** Börn og ungmenni í áhættu-  
hópum. Heilsa barna og unglunga og forvarnir gegn misnotkun. Enn verði starfi með börn og ungmenni í Eystrasaltsríkjunum og NV-Rússlandi veittur algjör forgangur.

**Jafnréttismál:** Strákar og stelpur njóti sömu möguleika og sömu lífskjara.

**Menntamál:** Ungt fólk hafi kost á að afla sér góðrar menntunar. Stuðla að þróun og rannsóknum á gæðum bæði grunnmenntunar og framhaldsmenntunar svo hægt verði að efla hlutverk Norðurlanda sem brautryðjenda í mótun mannauðs. Gæðapróun og gæðamat skal haft til hliðsjónar í ýmis konar starfsemi og verkefnum. Önnur samstarfsverkefni til að auka gæði menntunar er alþjóðlegt samstarf um vísbendingar um þróun og eftirfylgni við Kaupmannahafnarferlið svokallaða, meðal annars með því að viðurkenna fagleg réttindi og prófskírteini í iðnmennt.

**Norræna barna- og æskulýðsnefndin (NORDBUK):** Samtök æskufólks og norrænt samstarf þeirra, nýjar leiðir til þátttöku ungs fólks í lýðræðisstarfi, margbreytileiki, mannréttindi, alþjóðlegt barna- og æskulýðssamstarf og yfirsýn yfir norrænar barna- og æskulýðsrannsóknir.



# Skipting ábyrgðar og eftirfylgni

## Skipting ábyrgðar og eftirfylgni

### Sameiginleg ábyrgð

Stefna sem felur í sér barna- og æskulýðssjónarmið felur í sér að öll samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar sem skara forgangspættina, bera ábyrgð á að samþætta barna- og æskulýðssjónarmið í starfsemi sinni. Hver ráðherranefnd ber ábyrgð á því að sýna fram á árangur á þeim sviðum sem lögð er áhersla á.

### Ráðherranefnd samstarfsráðherranna

Samstarfsráðherrar og embættismannanefnd þeirra bera meginábyrgð á að samræma norrænt samstarf í barna- og æskulýðsmálum. Ábyrgð á innihaldi samstarfsins er á borði ráðherranefndar þeirrar sem málið varðar hverju sinni.

### Forgangssvið

Norræna ráðherranefndin ábyrgist að fylgja meginmarkmiðum stefnumótunarinnar eftir og samþætta barna- og æskulýðssjónarmið í framkvæmdaáætlunum sínum þegar það á við. Að því loknu ber Norrænu ráðherranefndinni að leggja mat á hvaða áhrif hinar ýmsu ákvarðanir og aðgerðir hafa haft á aðstæður barna og ungmenna og að því loknu semja mælanleg markmið í samræmi við markmið stefnumótunarinnar.

### Norræna barna- og æskulýðsnefndin (NORDBUK)

Norræna barna- og æskulýðsnefndin veitir ráðgjöf og samræmir aðgerðir í barna- og æskulýðsmálum á norrænum og alþjóðlegum vettvangi. Starfsemi nefndarinnar ákvarðast af stefnumótuninni, framkvæmdaáætlun og



forgangsröðun formennskulandsins hverju sinni. Norræna barna- og æskulýðsnefndin ábyrgist í starfi sínu að samræma aðgerðir í anda stefnumótunar- skjalsins, eins og fram kemur í framkvæmdaáætlun Norrænu barna- og æskulýðsnefndarinnar.

Heildarskýrsla er lögð fyrir samstarfsráðherranefndina á hverju ári. Skýrslan er aðallega í verkahring Norrænu barna- og æskulýðsnefndarinnar enda ber hún ábyrgð á að meta aðgerðir og leggja breytingartillögur fyrir samstarfsráðherrana.

Stefnumótunin var samþykkt af norrænu samstarfsráð- herrunum á fundi þeirra í Kaupmannahöfn 1. mars 2006.





norden

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18

DK-1255 Copenhagen K

[www.norden.org](http://www.norden.org)

